

# DEILD ENSKRA SETA Á ÍSLANDI



**Skýrsla stjórnar 2017-2018**

**Lögð fram á ársfundi 27. mars 2018.**

Stjórn deildar Enska Setans 2017-2018:

Einar Guðnason (formaður), Kristinn Þór Einarsson, Ólafur Ragnarsson, Hjalti Reynir Ragnarsson og Þórgunnur E. Pétursdóttir.

Á síðasta ársfundi voru kosnir inn til tveggja ára: Hjalti Reynir Ragnarsson, Ólafur Ragnarsson og Einar Guð. Stjórnin hittist á fundi og skipti með sér verkum. Einar Guð var kosinn formaður, Þórgunnur E Pétursdóttir ritari og gjaldkerinn var áfram Rut Valgeirsdóttir. Kristinn Þór Einarsson, Hjalti Reynir Ragnarsson og Ólafur Ragnarsson voru meðstjórnendur.

### **Reksturinn.**

Rekstur deildarinnar hefur verið jákvæður. Í dag er eigið fé rétt yfir 100.000.- kr. Það er gaman að segja frá því að hvert sem við leitum stuðnings þá fáum við frábærar móttökur og er þakklæti ofarlega í huga fyrir mikinn stuðning styrktaraðila á liðnu ári og vill stjórnin þakka þeim öllum fyrir samstarfið. Styrktaraðilar deildarinnar voru: Robur, Dýrabær, Volcanic, Dýralæknirinn Mosfellsbæ, Bryggjan Grindavík og Veihúsið Sakka.

### **Starfið**

DESÍ bauð á liðnu ári upp á sameiginlegar stöðuleikaæfingar, sóknaræfingar, sýningaþjálfanir, æfingagöngur, fyrirlestur, 1 sóknarpróf og 3 heiðarpróf. Þátttakan var framur öllum björtustu vonum og var gaman að fylgjast með hraðri framþróun hundanna. Þetta gerir vonandi það að verkum að við sjáum þá standa sig vel á komandi árum. Það var augljóst fyrir 2 árum hvernig þátttakan yrði og var því ákveðið að nýta 1 dómara í hverju prófi. Það kom rosalega vel út og dómaraþýting var virkilega góð. Sama fyrirkomulag verður í ár en breyting verður á næsta ári þar sem við búumst við aukningu á þátttöku í sportinu. Þrjú dómara komu frá Noregi og Guðjón Arinbjörnsson var deildinni mikið innan handar og erum við þakklát fyrir hans framlag til deildarinnar. Sá einstaki viðburður var í Arion prófinu seinni daginn að allir hundar voru með einkunn, FULLT HÚS! Geri aðrir betur. Boðið var upp á mjög mikið magn af fugli og sénomum í haustprófunum, það sama var uppi á teningnum núna um síðastliðna helgi. Megi sú lukka halda áfram um komandi ár, en það kemur ekki af sjálfu sér, það er gríðarleg vinna sem fer fram baksviðs fyrir hvern viðburð.

Ensku setunum gekk mjög vel á viðburðum í fyrra og má sjá samantekt um það á heimasíðu deildarinnar EnskurSetter.is en sú síða er gífurlega öflug og er að meðaltali 2-4 fréttir í viku, en það fer eftir því hvað er að gerast hverju sinni.

Stigakeppnin var mjög spennandi í fyrra og hafa aldrei áður jafn margir Enskir Setar komist á blað og tekið þátt. Stigahæsti hundurinn á síðasta ári var ISJCH NLM RW-17 Rjúpnabrekku Black.

Eitt próf var haldið núna um helgina sem var Barking Heads prófið. Við fengum Arnfinn Holm til að koma og dæma. Lukkaðist það rosalega vel og voru þátttakendur mjög ánægðir með hvernig til tókst. Stjórn DESÍ þakkar Dýrabæ fyrir veittan stuðning.

Mikil skrifinska er búin að vera á liðnu ári og núna seinast eru stjórnarmenn búnir að sitja í nefndum um breytingar, annarsvegar á dómaraþemanámi og hins vegar á veiðiprófsreglubreytingar og sjáum við ekki fyrir endan á þeirri vinnu ennþá.

### **Dagskráin framundan**

Það sem liggur fyrir á árinu er, 1 sóknarpróf í ágúst og 2 heiðarpróf, annað í september og hitt í október. Breytingar á veiðiprófsreglum verða vonandi mikil breyting fyrir deildirnar, það er góður möguleiki að prófahald verði þægilegra. Umsókn um veiðipróf 2019 verður lagt inn núna strax í vor.

Enn og aftur voru gríðarlegar tafir á umsókn deildarinnar en það hafðist af lokum. Stjórn DESÍ er þó langt í frá ángæð með þær dagsetningar sem deildinni er úthlutað þar sem við horfum á aðrar deildir fá úthlutað á bestu tímum þó að fáir hundar úr þeim deildum mæti.

### **Got á árinu**

Tvö got voru á þessu starfsári, annars vegar var Kaldbaksræktun með got en þar komu 7 hvolpar og hins vegar Hafrafellsræktun með 2 hvolpa.

Óskar stjórn DESÍ ræktendum til hamingju með hvolpana og megum við sjá sem mest af þeim á komandi árum.

### **Innfluttir hundar**

Tveir hundar voru fluttir inn á árinu: Rypedalens Maximus frá Noregi og Upperwood Coral frá Bretlandi. Miklar vonir eru bundnar við að þeir komi sterkir inn í stofninn.

### **Nýir meistarar á árinu 2017**

Álakvíslar Mario náði þeim flotta árangri að verða veiðimeistari, en hann er 6 Enski Setinn sem nær þeim titli frá upphafi.

Rjúpnasels Skrugga náði þeim flotta árangri að verða íslenskur og alþjóðlegur meistari.

Húsavíkur Mjöltnir frá Rjúpnabrekku náði þeim flotta árangri að verða alþjóðlegur meistari.

Húsavíkur Fönn náði þeim flotta árangri að verða ungliðameistari og Norðurljósameistari.

Rjúpnabrekku Black náði þeim flotta árangri að verða ungliðameistari og Norðurljósameistari.

Stjórn DESÍ óskar öllum eigendum og ræktendum innilega til hamingju með geggjaðan árangur.

### **Lokaorð**

Stjórn DESÍ vill þakka öllum þeim sem hafa stutt deildina á einn eða annan veg síðast liðið ár og þátttakendum fyrir góðar stundir. Framtíðin er björt fyrir Enska Setann þar sem mikill hugur er í eigendum bæði í þjálfun á hundum og ræktun. Óskar stjórn DESÍ öllum farsældar á komandi misserum og minnir á að lukka og árangur er ekki meðfædd heldur áunnin með mikilli vinnu.

F.H. stjórnar,

---

Einar Guð, formaður.